

FRAMVEGIS



 Miðstöð símenntunar

Ársskýrsla 2019



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur framkvæmdastjóra	3
Stjórn Framvegis	6
Starfsfólk Framvegis	7
Fræðslustarfið 2019	8
Námskeið fyrir sjúkraliða	9
Námskeið	11
Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð Sameykis	12
Námskrárbundin námskeið fyrir atvinnubílstjóra	14
Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	14
Náms- og starfsráðgjöf	18
Raunfærnimat	19
Árangursrík framþróun	20
Fræðslugreiningar	20
Hæfnisetur ferðaþjónustunnar	21
Stefna og gæðastarf	21
Önnur starfsemi	21
Fjarkennsla og vendinám	22
Kynningar- og markaðsmál	23
Ársreikningur 2019	25

Ávarp stjórnarformanns



Ljóst er að mikilvægi þess að læra ævina alla hefur sjaldan verið meira en á þeim tímum sem við nú lifum. Ekki er nóg með að við séum að takast á við afar hraðar tæknibreytingar og áskoranir tengdar hækkingu lífaldri þjóðarinnar, heldur hefur kórónaveiran einnig kippt undan okkur fótunum, atvinnuöryggið er minna. Margir standa nú frammi fyrir því að hugsa tilveruna upp á nýtt til að skapa sér lífsviðurværi. Þar koma símenntunarmiðstöðvar sterkar inn.

Hlutverk Framvegis miðstöðvar símenntunar er að stuðla að og veita fullorðnum fjölbreytt námstækifæri og símenntun í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og hið opinbera. Þar er veitt ráðgjöf og persónuleg þjónusta við val á námi, gert raunfærnimat og veittur hvers konar faglegur stuðningur sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að afla sér menntunar við hæfi. Framvegis vill vera í fremstu röð hvað varðar fræðslu og símenntun fullorðinna og vinna markvisst að því að hækka menntunarstig í landinu, með það að leiðarljósi að menntun sé æviverk.

Sífelld þekkingarleit er lykillinn að framtíðinni, því hún hvetur einstaklinginn áfram til góðra verka og opnar á ný tækifæri. Spennandi verkefni eru framundan í fræðslumálum og munum við byggja ofan á þá reynslu og þekkingu sem Framvegis hefur aflað sér síðustu 19 árin. Við þurfum að vera tilbúin til að hugsa nýjar leiðir bæði til að nálgast markhópinn og einnig til að bjóða upp nám sem hentar breyttum veruleika. Við eigum að leggja áherslu á fjölbreytni, lýðræði, nýsköpun, frumkvæði, ásamt gagnrýnni hugsun og tilfinningagreind. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki Framvegis fyrir frábært starf og stjórnarmönnum þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf.

Reykjavík, 8. maí 2020
Jóhanna Þórdórsdóttir
Stjórnarformaður Framvegis

Inngangur framkvæmdastjóra



Árið einkenndist af nýjum áskorunum og breytingum í rekstrarumhverfi og á tekjustofnum hjá Framvegis. Í umróti myndast mikil tækifæri sem starfsfólk nýtti til nýsköpunar og þróunar starfseminnar og er góður árangur fyrst og fremst öflugu og metnaðarfullu starfsfólki að þakka sem og stjórn stöðvarinnar. Uppgjör Framvegis er sem fyrr til marks um ábyrgan og traustan rekstur og er afkoma umfram áætlanir sem gerðar voru í upphafi árs. Eitt af grunnmarkmiðum miðstöðvarinnar er að reksturinn sé sjálfbær til hagsbóta fyrir alla


hagaðila eins og eigendur, starfsfólk viðskiptavini og samfélagið í held.

Mikill hugur er hjá starfsfólki Framvegis sem ásamt stjórn miðstöðvarinnar vinnur að því að koma í framkvæmd nýrri framtíðarstefnu sem mörkuð var á árinu. Tekur stefnan mið af þeim hröðu tæknibreytingum sem eiga sér stað í samfélaginu og munu hafa mikil áhrif á líf okkar og störf í náinni framtíð. Virkjun mannauðs er grundvallarforsenda skapandi lausna á krefjandi vinnumarkaði og er gildi fullorðins- og framhaldfræðslunnar ótvírætt í því samhengi.


Með aukinni menntun valdeflist fólk í eigin lífi sem um leið styrkir íslenskt samfélag. Framvegis hefur alltaf lagt áherslu á að þjónusta markhópa sína og mæta mismunandi áherslum í samfélaginu á hverjum tíma. Árið einkenndist af nýjungum í námsframboði og öflugu samstarfi við stéttarfélögin sem standa að miðstöðinni, Virk starfsendurhæfingu og Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins. Ánægjulegt er að segja frá því að Fjölsmiðjan og Framvegis gerðu með sér samning um samstarf og var sú vinna einkar gefandi fyrir báða aðila og stendur til að halda áfram þessari samvinnu. Einnig má nefna að Framvegis og Fjölmennt tóku höndum saman við að vinna að námsframboði fyrir markhóp Fjölmenntar. Stöðug aukning er á aðsókn í þá þjónustu sem miðstöðin býður upp á í gegnum samninga við Fræðslusjóð. Fjármagn til vottaðra námsleiða framhaldsfræðslunnar og í náms- og starfsráðgjöf stóð ekki undir eftirspurn á árinu 2019. Framvegis bauð upp á raunfærnimat á móti Tölvubraut Upplýsingatækniskólans sem var vel sótt og komust færri að en vildu að þessu sinni. Raunfærnimat er gríðarlega miklægt tæki fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga og einn liður í að auka og auðvelda aðgengi að námi.

Örar breytingar á vinnumarkaði fela í sér margvíslegar samfélagslegar áskoranir. Huga þarf sérstaklega að þeim gríðarlegu tækninýjungum sem gengið hafa yfir heiminn, og eru fyrir-sjánlegar á næstu árum, leiði ekki til aukinnar aðgreiningar í þjóðfélaginu. Forsenda þess að íslenskt samfélag verði samkeppnishæft í nánustu framtíð er fjárfesting í mannauði og að allir hafi aðgang að menntun við hæfi óháð bakgrunni eða efnahag.

“Jafnrétti til náms er forsenda þess að mannauður á Íslandi þróist í takt við hæfnipörf í hröðum krefjandi heimi”




Þátttakendum á námskeiðum sem og nemendastundum fækkaði heldur miðað við árið á undan hjá Framvegis. Skýringar á þessum breytingum er samdráttur í námskeiðshaldi fyrir atvinnubílstjóra en þessi hópur hefur skipað stóran sess hjá miðstöðinni á síðustu þremur árum. Ekkert námskeið var haldið fyrir atvinnubílstjóra á árinu og hafði það talsverð áhrif á umsvif starfseminnar og kallaði á áherslubreytingar og nýsköpun hjá starfsfólki.



Næsta mynd sýnir samanburð á nemendastundum námskeiðsflokka undanfarinna þriggja ára. Á myndinni kemur fram að nemendastundum fjölgaði í öllum flokkum frá árinu á undan

nema í flokki vottaðra námsleiða framhaldsfræðslunnar. Í þeim flokki fækkaði lítillega nemendastundum sem á sér skýringu í færri þátttakendum á hverri námsleið sem og minna fjárframlagi til málaflokksins á árinu. Sjúkraliðar tóku aðeins við sér sem og þátttaka á Gott að vita fyrirlestra og námskeiðaröðinni sem haldin er í samvinnu við Sameyki stéttarfélag í almanna þjónustu. Einn námskeiðsflokkur bættist við árið 2018 og hefur vöxtur orðið talsverður á milli ára á þeim vettvangi en undir honum eru opin námskeið og námskeið sem kennd eru í samvinnu við Vinnumálastofnun og Virk.



Reksturinn 2019

Afkoma Framvegis á árinu 2019 var jákvæð eins og sjá má í ársreikningi sem fylgir þessari ársskýrslu. Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld eru rúmlega sex og hálf milljón. Að teknu tilliti til fjármagnsliða nemur rekstarhagnaður 7.733.208 kr. sem verður að teljast gott þar sem talsverðar breytingar urðu á tekjustofnum miðstöðvarinnar á árunu og ekki fyrir séð að reksturinn yrði jákvæður.

Starfsumhverfi Framvegis er síbreytilegt og óvissuþættir margir sem leiðir af sér fjölbreyttar áskoranir í rekstri. Áhersla er á að viðhalda góðum viðskiptatengslum við hina ýmsu samstarfsaðila miðstöðvarinnar og mæta þörfum atvinnulífis og markhópa af skilningi og sveiganleika. En einn af eiginleikum fullorðins- og framhaldsfræðslukerfisins er viðbragðsflýttir sem felur í sér sveigjanleika og færni til þess að sérsníða þjónustu að þörfum einstaklinga og atvinnulífisins. Menntun er ein megin forsenda framþróunar á vinnumarkaði og undirstaða samfélagslegra gæða. Starfsfólk Framvegis hefur af áráðni og dug nýtt vel þau tækifæri sem hafa gefist á árinu 2019 til nýsköpunar og framtaksemi í þjónustu miðstöðvarinnar.


Hluthafar Framvegis 2019

Eigendur og hluthafar Framvegis eru Sjúkraliðafélag Íslands sem á 43,14% og Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu sem á 56,86%.

Stjórn Framvegis 2019

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á starfsemi Framvegis, stefnumótun og að starfsemi og rekstur sé í samræmi við samþykktir miðstöðvarinnar og lög um framhaldsfræðslu.

Skipurit



Stjórn Framvegis er skipuð eigendum miðstöðvarinnar, þremur fulltrúum frá Sameyki og tveimur fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Stjórn hélt 4 fundi á árinu, að auki var ráðist í stefnumótunarvinnu með þátttöku stjórnar og starfsfólks. Ársfundur var að þessu sinni haldinn 31. maí. Ársfundinn sitja auk stjórnar varamenn í stjórn og eigendur fyrirtækisins. Löggiltir endurskoðendur voru Endurskoðun & ráðgjöf ehf.



Jóhanna Þórdórsdóttir
stjórnarformaður
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu



Bryngeir A. Bryngeirsson
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu



Birna Ólafsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Guðrún Lárusdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Jakobína Þórðardóttir
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu

Varamenn
Árni Stefán Jónsson, Sameyki
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Sameyki
Jóhanna Traustadóttir, SLFÍ

Starfsfólk Framvegis 2019

Engar breytingar voru á starfsmannahaldi Framvegis á árinu. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi hjá miðstöðinni. Tveir náms- og starfsráðgjafar sem sinna einnig verkefnastjórnun, einn verkefna- og skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri. Leiðbeinendur Framvegis, sem koma að kennslu, starfa allir sem verktakar en fjöldi þeirra á árinu var tæplega 100.



Helga Tryggvadóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Ingibjörg Kristinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Líney Jóhannesdóttir
verkefnastjóri
100% starf



Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri
100% starf


„Einn af mikilvægustu þáttum í starfsemi Framvegis er að veita markhópum sínum faglega og vandaða þjónustu og að námsframboð fylgi þróun vinnumarkaðar. Forsenda þess að miðstöðin geti veitt fyrsta flokks þjónustu er hæft og framsækið starfsfólk.“



Fræðslustarfið 2019

Haldin voru 104 námskeið hjá Framvegis á árinu, námskeiðin voru mjög ólík hvað varðar lengd, efnistösk og markhópa. Áhersla var á starfsþróunarnámskeið sem gagnast fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem og atvinnuleitendum, vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar auk ýmissa námskeiða í samvinnu við hina ýmsu aðila vinnumarkaðarins.

Námskeið voru nokkuð færri en árið á undan eins og sést á myndinn hér fyrir neðan. Eins og áður hefur komið fram er ástæða þessa fyrst og fremst að ekkert námskeið vara haldið 2019 fyrir atvinnubílstjóra sem hafði verið stór markhópur hjá Framvegis. Námskeið fyrir þennan hóp voru tímabundið verkefni sem óvíst er að verði framhald á.




Námskeið fyrir sjúkraliða

Námskeið sjúkraliða hafa verið einn meginstofn í námskeiðahaldi frá stofnun Framvegis. Haldin voru 28 námskeið á árinu og voru 11 þeirra einnig fjarkennd í beinni útsendingu sem þýðir að þátttakendur sitja námskeiðin í rauntíma. Boðið hefur verið upp á fjarkennd námskeið frá árinu 2010 sem hefur veitt sjúkraliðum á landsbyggðinni aðgang að símenntun sem þeir að öðrum kosti hefðu ekki tök á að sækja. Framvegis á í góðu samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands sem á veg og vanda af þeirri miklu símenntunarmenningu sem er hjá stéttinni. Áhersla er lögð á að námskeiðin, sem boðið er upp á, séu starfstengd og hægt að meta þau til launa fyrir sjúkraliða.

Yfirlit námskeiða

Símenntun sjúkraliða 2019	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Hugræn atferlismeðferð	30	12	360
Að stjórna tíma sínum og verkefnum	17	5	85
Það eru til lausnir	18	8	144
Góð næring - Bætt lísgæði	20	5	100
Mikilvægi góðrar andlegrar heilsu hjá öldruðum	19	5	95
Móttaka hjartasjúklinga	31	8	248
Samskiptafærni í starfi sjúkraliða	10	8	80
Lífstílsjúkdómar og lífstílslyf	25	5	125
Kulnun í starfi sjúkraliða	24	12	288
Dauðhreinsun	21	12	252
Ólögleg fíkniefni og ávanabindandi lyf	28	8	224
Verkir og verkjameðferð	17	12	204
Að styrkja fjölskyldur sem glíma við veikindi	20	8	160
Vítamín og steinefni	28	5	140
Bættur lífsstíll, betri heilsa	21	12	252
Er gaman að vinna með mér?	20	8	160
Vímuefnaröskun meðal eldri borgara	25	12	300
Áhrif umhverfis og upplifunar á lífsgæði aldraðra	14	8	112
Streita í samskiptum	33	8	264
Hugræn atferlismeðferð	12	8	96
Mat og eftirlit	20	12	240
Gigtarsjúkdómar	28	12	336
Bæklunarhjúkrun	20	8	160
Ólögleg fíkniefni og ávanabindandi lyf	29	8	232
Móttaka hjartasjúklinga	31	8	248
Öryggi sjúklinga	11	12	132
Sálræn skyndihjálp	18	8	144
Heildræn heilsuefling	23	5	115
Samtals	613	242	5296

FJÖLDI NÁMSMANNA Á SJÚKRALIÐANÁMSKEIÐUM



Sjúkraliðar hafa verið iðnir í gegnum tíðina að sækja sér símenntun til að efla hæfni sína og þróast í starfi. Eins og fram kemur á stöplaritinu fjölgaði þátttakendum um rúmlega hundrað 2019 frá árinu á undan.





Námskeið

Það er óhætt að segja að breytingar í rekstri á árinu hafi sett af stað drifkrafta nýsköpunar og hefur starfsfólk haft veg og vanda af þeirri þróun sem orðið hefur á starfsemi Framvegis. Mikið og gott samstarf var við Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingu, Félagsmálaráðuneytið og Fjölsmiðjuna. En eins og taflan sýnir hér að neðan þá voru námskeiðin 28 talsins í þessum flokki.

Námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Færni, ferill og framkoma	9	12	108
Færni, ferill og framkoma	16	12	192
Færni, ferill og framkoma	11	12	132
Færni, ferill og framkoma	13	12	156
Færni, ferill og framkoma	14	12	168
Færni, ferill og framkoma	14	12	168
Færni, ferill og framkoma	15	12	180
Færni, ferill og framkoma	8	12	69
Toppurinn	13	60	780
Uppléið (HAM)	8	40	320
Uppléið (HAM)	8	40	320
Uppléið (HAM)	11	40	440
Uppléið (HAM)	8	40	320
Færni, ferill og framkoma	14	12	168
Færni, ferill og framkoma	11	12	132
Færni, ferill og framkoma	11	12	132
Færni, ferill og framkoma	15	12	180
Færni, ferill og framkoma	11	12	1320
Taktu stefnuna	12	36	432
Toppurinn	11	60	660
Uppléið (HAM)	8	40	320
Upplýsinga- og menningarlæsi	10	35	350
Upplýsinga- og menningarlæsi	10	35	350
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	21	16	336
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	15	16	240
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	14	16	224
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	20	8	160
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	20	8	160
Samtals	351	646	8517


Það hélst í hendur að þátttakendum fjölgaði í takt við fleiri námskeið í þessum flokki. Til stendur að leggja enn meiri áherslu á að styrkja þennan vettvang hjá miðstöðinni en keyptar voru 20 Chromebook nemendatölvur sem ætlað er að koma til móts við þarfir námsmanna og tækniþróun.



Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð Sameykis

Markmið með þessum fjölbreyttu námskeiðum og fyrirlestrum er að gefa félagsmönnum kost á vandaðri fræðslu sem höfðar til sem flestra. Fræðslan er fyrst og fremst hugsuð til gagns og ánægju og er félagsmönnum að kostnaðarlausu. Framvegis vinnur með fræðslunefnd félagsins að mótun viðburðardagskrár fyrir hverja önn.

Á árinu var félagsmönnum boðið upp á 38 viðburði en fella þurfti niður 4 viðburði vegna dræmrar þátttöku. 388 félagsmenn tóku þátt í Gott að vita sem er svipaður fjöldi og árið á undan.



Að vanda var dagskráin fjölbreytt og í töflunni hér fyrir neðan er upptalning á þeim fyrirlestrum og námskeiðum sem Sameyki bauð félagsmönnum sínum að sækja á árinu 2019.

Námskeið 2019

Gott að vita	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Tálgun	5	5	25
Námstækni	8	6	48
Matjurtagarðar	19	4	76
Sápugerð	13	6	78
Macrame hnýtingar	6	2	12
Viltu vera vegan?	7	4	28
Páskaeggjagerð 1	9	1,5	13,5
Plastlaus lífsstíll	10	2	20
Páskaeggjagerð 2	10	2	20
Streita - dulinn skaðvaldur	9	2	18
Spænska fyrir ferðamenn	28	2	56
Myrkrið veit – Reykjavíkurrölt um slóðir skáldsagna	7	1,5	10,5
Golf 1	7	3	21
Golf 2	8	4	32
Draugaganga	12	8	96
Hjólanámskeið	5	8	40
Plastlaus lífsstíll	9	6	54
Sjósund	7	1,5	10,5
Spænska fyrir ferðamenn	26	4	104
Fluguhnýtingar	6	4	24
Næringarfræði – hvernig náum við utan um þetta!	19	6	114
Ég er ófullkomin og það er í lagi	20	9	180
Viltu vera vegan?	8	9	72
Aðsig – sjálfskoðun, tækifæri og áræðni!	12	4	48
Micro Macrame armbönd	10	4	40
Konfektnámskeið 1	9	2	18
Konfektnámskeið 2	13	6	78
Græja gleðina og góða heilsu	23	3	69
Teppahekl - hentar byrjendum	8	8	64
Salsanámskeið	15	6	90
Matur og loftslagsbreytingar	7	5	35
Bridgekynning – þrjú kvöld	9	2	18
Notkunarmöguleikar snjalltækja	13	2	26
Akríl pouring - Fluid art	11	2	22
Samtals	388	144,5	1660,5

Námskrárbundin námskeið fyrir atvinnubílstjóra

Framvegis fékk leyfi Samgöngustofu til þess að kenna endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra samkvæmt námskrá Samgöngustofu sem innanríkisráðherra staðfestir. Þessi lögbundna endurmenntun er ætluð bílstjórum sem aka stórra bifreið í ökuréttindaflokk D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokki C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni. Á síðasta ári þann 10. september 2018 rann út frestur þeirra sem starfa við farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni til að ljúka þessari lögbundnu endurmenntun og hófst þá nýtt 5 ára tímabil sem umræddir bílsjórar hafa til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín. Þessi markópur hefur verið umfangsmikill á síðustu þremur árum hjá miðstöðinni en ekkert námskeið var haldið hjá Framvegis 2019 fyrir markhópin. Ekki er ljóst að svo stöddu hvernig framhaldið verður með þessi námskeið hjá Framvegis, tíminn leiðir það í ljós.

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar

Framvegis hefur viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli laga um hana frá árinu 2010. Framvegis uppfyllir skilyrði laganna um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Með samningi við Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar kennir Framvegis vottaðar námskrár fyrir skilgreinda markhópa framhaldsfræðslulaga, þ.e. einstaklinga 18 ára og eldri með stutta formlega menntun.

Jafn vöxtur hefur verið í aðsókn í vottað nám undanfarin ár hjá Framvegis og hefur verið lögð mikil áhersla á að mæta þörfum markhópsins hverju sinni og fjölbreyttum kröfum atvinnulífsins. Árið 2019 náði miðstöðin ekki að koma til móts við eftirspurn þar sem framlag Fræðslusjóðs til þessara námsleiða gekk til þurrðar þegar á vorönn og þurfti Framvegis að sækja um viðbótarúthlutun fyrir haustönnina. Það fjármagn sem Fræðslusjóður hafði til skiptanna um haustið var af skörum skammti sem hafði talsverð áhrif á framboð og getu Framvegis til að sinna markhópnum á þessu sviði.

Framvegis hefur um langt skeið átt farsælt samstarf við tölvuskóla á höfuðborgarsvæðinu um kennslu á sérhæfðum námsþáttum sem snúa að tölvuvinnslu og tæknitengdum greinum í vottuðum námskrám sem miðstöðin býður upp á.

Vottaðar námskrár sem Framvegis kenndi eftir árið 2019:

Skrifstofuskólinn

Námið er 160 klukkustundir, að auki er gert fáð fyrir 160 klukkustundum án leiðbeinenda. Námið er starfstengt og hagnýtt, meta má það til 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið byggist á raunhæfum verkefnum tengdum almennri tölvuvinnslu, bókhaldi, tölvubókhaldi, viðskiptaensku, þjónustu á skrifstofu og sjálfstyrkingu. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofuskólinn var kenndur í samstarfi við Promennt.

Stökkpallur

Námið er 180 klukkustunda og skiptist í 4 námsþætti sem meta má til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 1. þrepi íslenska hæfnirammans þar sem áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfna námsmenn til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Stökkpallur var kenndur í samstarfi við Vinnuálastofnun á höfuðborgarsvæðinu og Virk.

Sölu-, markaðs- og rekstarnám

Námið er 440 klukkustunda og skiptist í 18 námsþætti sem meta má til 22 eininga á framhaldsskólastigi. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem sinna, eða hafa áhuga á að sinna, sölustörfum, markaðsmálum eða stofna til eigin reksturs. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Sölu-, markaðs- og reksrarnámið var kennt í samstarfi við Promennt.

Tækniþjónusta

Námið er 140 klukkustunda og skiptist í 8 námsþætti sem meta má til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans og er ætlað þeim sem sinna eða hafa áhuga á að sinna tækniþjónustu. Tækniþjónusta var kennd í samstarfi við NTV – tölvuskóla.

Tölvuumsjón

Námið er 334 klukkustunda og skiptist í 12 námsþætti sem meta má til 17 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans. Tilgangur námsins er að efla hæfni þeirra sem vinna við, eða hafa hug á að vinna við, tölvuviðgerðir og að þjónusta tölvukerfi. Markmið námsins er að námsmenn öðlist grunnhæfni á sviði tölvuumsjónar. Námið var kennt í samvinnu við Promennt.

Aftur í nám

Námið er 64 klukkustunda; það má meta til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi hæfnirammans. Megináhersla námskrárinnar er lestrar- og námsfærni námsmanna. Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklinganna og markmið þess er að auka hæfni til starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Aftur í nám var kennt í samvinnu við Fjölsmiðjuna.



Uppléið – HAM

Náminu er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM), einna helst einstaklingum í markhópnum sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni. Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 5 námsþætti. Uppléið var kennd í samvinnu við Fjölsmiðjuna.

Hér fyrir neðan er yfirlit með vottuðum námskrám framhaldsfræðslunnar sem kenndar voru hjá Framvegis á árinu:

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar FA	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Aftur í nám	8	65	520
Skrifstofuskólinn	10	160	1600
Stökkpallur	7	180	1260
Sölu, markaðs- og rekstrarnám/seinni	8	432	3456
Sölu, markaðs- og rekstrarnám/fyrri	14	432	6048
Tækniþjónusta	10	210	2100
Tölvuumsjón	8	334	2672
Tölvuumsjón	8	334	2672
Uppléið - HAM	7	40	280
Stökkpallur	10	180	1800
Skrifstofuskólinn	9	160	1440
Skrifstofuskólinn	13	160	2080
Sölu, markaðs- og rekstrarnám/seinni	10	432	4320
Sölu, markaðs- og rekstrarnám/fyrri	15	432	6480
Samtals	137	3551	36728

Stöplaritín hér á eftir sýna fækkun þátttakenda sem og nemendastunda á námsleiðunum. Eins og áður hefur komið fram þá var eftirspurn meiri en miðstöðin hafði fjármagn til þess að anna. Framvegis hefur alltaf fullnýtt það fjármagn sem miðstöðinni hefur verið úthlutað úr Fræðslusjóði til vottaðra námsleiða.



Náms- og starfsráðgjöf

Þetta ár var fjórða árið sem Framvegis býður upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa hjá Framvegis og sinna þeir einnig verkefnastjórnun og kennslu á námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á hópráðgjöf til námsmanna sem sækja nám á námsleiðum og hefur viðfangsefni hópráðgjafarinnar snúist um námstækni, áhugasvið nemenda, markmiðasetningu auk færni í starfsleit allt frá gerð færnimöppu til atvinnuviðtals. Hópráðgjöf er góð leið til að ná til námsmanna, kynna þeim náms- og starfsráðgjöf og styðja þá á ýmsan hátt í náminu.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að veita námsmönnum aðhald, t.d. hvað varðar mætingar, og haft er samband við þá nemendur sem farið er að fatast flugið. Þeim er boðið upp á ráðgjöf, s.s. um áætlanagerð sem miðar að því að ljúka námi sem og andlegan stuðning. Þessi stuðningur virðist hafa þau áhrif að námsmenn klára frekar nám og hefur því brotthvarf heldur minnkað.

Viðtöl

Á árinu var tekið alls 581 viðtal. Í töflunni má sjá hvernig þau skiptust niður eftir greiningu Fræðslusjóðs:

	Fjöldi	Hlutfall
Ráðgjafaviðtöl	110	19%
Hvatningarviðtöl	79	14%
Hópráðgjöf	392	67%
Alls	581	100 %




Ráðgjafa- og hvatningarviðtöl eru einstaklingsviðtöl sem margir nýta sér í framhaldi af hópráðgjöf. Þau eru einnig nýtt af einstaklingum sem koma af götunni eða sem finna þjónustu náms- og starfsráðgjafar Framvegis á netinu. Ástæður fyrir komu í einstaklingsviðtal geta verið margvíslegar, t.d. kemur fólk sem íhugar nám eftir jafnvel áratuga hlé frá skóla, hefur áhuga á að breyta til eftir langan tíma í sama starfi, langar til að styrkja sig á vinnumarkaði eða eru í leit að nýjum náms- og/eða starfstækifærum.

Engin tvö viðtöl eru eins enda aðstæður fólks og verkefni þess mismunandi. Viðtölin fela yfirleitt í sér ígrundun á starfsþróun einstaklinga, m.a. út frá sjálfsskoðun, styrkleikum, áhugahvöt, starfshæfni, markmiðasetningu, ferilskrárgerð og áætlun um næstu skref. Mikil áhersla er lögð á trú á eigin getu og að rætur hvers og eins liggi í áhuga, gildum og styrkleikum í samspili við reynslu og umhverfi en þetta allt saman er það sem þróar náms- og starfsferil einstaklings.

Eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf hefur verið að aukast og hafa námsmenn á námsbrautum óskað eftir ráðgjöf í námi, bæði til að efla sig í náminu sem og að huga að framtíðinni. Einnig hefur fólki fjölgað sem kemur inn af götunni og óskar eftir náms- og starfsráðgjöf.

Helstu samstarfsaðilar náms- og starfsráðgjafa eru aðrir starfsmenn Framvegis auk kennslustjóra og starfsfólks Promennt, NTV, Vinnumálastofnunar og Virk.

Framvegis fékk á árinu kr. 3.960.000 úthlutað í náms- og starfsráðgjöf. Þar sem fjármagnið var uppurið á vormisseri var sótt um viðbótarúthlutun sem fékkst að upphæð 2.060.000.



Á þessum fjórum árum, sem boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf, hefur viðtölum fjölgað umtalsvert og er þessi hluti þjónustunnar í örri þróun og umfangið vex samhliða áherslu miðstöðvarinnar á mikilvægi þessa stuðnings við markhóp framhaldsfræðslunnar. Framlög úr fræðslusjóði hafa ekki dugað til þess að mæta eftirspurn í málaflökknum og hefur miðstöðin notað viðbótarframlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess að koma til móts við ráðþega sína.

Raunfærnimat

Framvegis hefur umsjón með raunfærnimati á móti námskrá Tölvubrautar Upplýsingatækniskólans. Faggreinar brautarinnar eru til mats og eru matsmenn tveir kennarar á brautinni. Einn hópur fór í gegnum raunfærnimat árið 2019. Í töflunni má sjá fjölda þátttakenda og metnar einingar á árinu.

Þátttakendur		Metnar einingar	
Fjöldi	Alls	Meðaltal	Spönn
10	567	56,7	27-95

Yfirlit yfir raunfærnimat ársins 2019

Nú hafa 48 einstaklingar klárað þetta tiltekna raunfærnimat hjá miðstöðinni og hafa einhverjir náð að nýta sér matið til styttingar á formlegu námi. Mat á raunfærni gefur fullorðnu fólki á vinnumarkaði viðurkenningu á færni sinni og möguleika á að halda áfram námi þar sem það er stutt í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk.



Árangursrík framþróun

Breytingar og nýsköpun eru fastir og nauðsynlegir þættir í vexti og þróun Framvegis. Ný verkefni og lausnir fyrir markópa miðstöðvarinnar eru ávallt í forgrunni. Árlega er sótt um styrki í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar að auki eru jafnan í skoðun aðrir möguleikar til að fjármagna verkefni sem styðja nýsköpunarverkefni og framþróun.

Námskrár

Sótt var um þróunarstyrk fyrir eitt verkefni í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar en það felur í sér að skrifa nýja námskrá fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga um grunn nám í forritun ásamt tilraunakennslu. Námskránni er ætlað að mæta kröfum vinnumarkaðarins um stafræna hæfniþróun markhópsins. Tæknimenntun með áherslu á stafræna hæfniþróun og þekkingu á stafrænum tækjum er markviss leið til þess að fólk á vinnumarkaði með stutta formlega menntun hafi tækifæri til þess að fylgja breytingum sem fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér. Umsóknin fékk brautargengi hjá sjóðnum og fékk miðstöðin styrk til verkefnisins og eru áætlanir um að það verði tilraunakennt á vorönn 2021. Framvegis hefur verið að skrifa námskrá í samvinnu við Fræðslusetrið Starfsmennt sem áætlað er að fari í vottunarferli haustið 2020. Námskráin er uppfærsla á eldri námskrá framhaldsfræðslunnar og er markmiðið að laga hana að breyttum þörfum og kröfum atvinnulífsins.

Önnur verkefni

Framvegis er að vinna verkefnið færniþróun á sviði framhaldsfræðslu, rafrænt námsefni fyrir leiðbeinendur í samvinnu við sérfræðinga í fullorðinsfræðslu. Áætlað er að því ljúki árið 2020 og verði þá aðgegnilegt fyrir alla leiðbeinendur í fullorðins- og framhaldsfræðslu þeim til gagns og upplýsinga. Eitt hæfnigreiningarverkefni er í farvatningu hjá miðstöðinni en það er að hæfnigreina starf skólaliða. Vinna við verkefnið er hafin og gert ráð fyrir að henni ljúki á vorönn 2020.



Fræðslugreiningar

Framvegis er með tvo Markvissráðgjafa sem sinna ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. Ráðgjöfin felst í því að greina fræðsluþarfir þeirra og hæfni starfsmanna og stuðla þannig að eflingu og þróun mannauðs. Aðferðafræði Markviss byggir á því að stjórnendur og starfsmenn vinni saman að þeirri hæfniuppbyggingu sem fyrirtækið eða stofnunin er í þörf fyrir. Ennfremur tekur Framvegis þátt í verkefninu "fræðslustjóri að láni" sem fólgir er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana.

Þrjú þarfagreiningarverkefni voru unnin fyrir Reykjavíkurborg á árinu. Fræðslugreining fyrir Skóla- og frístundasvið (SFS) Reykjavíkurborgar var unnin í góðu samstarfi við sviðið og valda leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið hófst í mars 2019 og spannar rúmlega 7 mánaða vinnu við að greina hæfni- og fræðsluþarfir starfsmanna af erlendum uppruna sem starfa hjá leikskólum Reykjavíkurborgar. Tvö verkefnanna eru enn í vinnslu og áætlað verklok eru snemma á næsta ári.



Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Framvegis skrifaði undir samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna Hæfniseturs ferðaþjónustunnar. Markmið samningsins er miðlun og að efla fræðslu til fyrirtækja og starfsfólks í ferðaþjónustu. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi. Framvegis fór í kynningarheimsóknir ásamt fulltrúa hæfnisetursins í þrjú ferðaþjónustutengd fyrirtæki þar sem lagður var grunnur að áframhaldandi samstarfi.



Stefna og gæðastarf

Rík áhersla er á faglega nálgun í öllu starfi miðstöðvarinnar. Framvegis hefur starfað eftir gæðavottunarkerfi European Quality Mark (EQM) síðan 2012. Í árslok 2018 hlaut stöðin EQM+ vottun sem tekur til allra starfspáttá, þ.e. fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Starfsfólk og verktakar vinna samkvæmt viðurkenndum verkferlum í samræmi við vottunina til þess að tryggja fagleg og skilvirk vinnubrögð.

Haldið var áfram vinnu við innleiðingu vinnubragða til samræmis við nýja persónuverndarlöggjöf sem tók gildi 25. maí 2018. Löggjöfin gerir mun meiri kröfur en áður til varðveislu persónugreinanlegra gagna, s.s. verndar einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Vinnslusamningar voru gerðir við hýsingaraðila Framvegis á árinu.

Ný stefnumótun var gerð á árinu með starfsmönnum og stjórn undir leiðsögn Bjarna Snæbjörns Jónssonar ráðgjafa og eins af stofnendum Decideact Management. Nýjar áherslur í starfsemi Framvegis voru markaðar og ný stefna gerð í framhaldinu. Meginviðfangsefni og stefnuáherslur eru í fimm liðum sem stjórn og starfsfólk kemur til með að vinna áfram og fylgja eftir. Stefnan miðar að því að nýta tækni til framfara í öllu starfi Framvegis og skapa umhverfi til nýsköpunar fyrir starfsfólk til þróunar í starfi sem og til framþróunar starfseminnar. **Framsækni, fagmennska, árangur, virðing.**



Önnur starfsemi

Hýsing starfsgreinaráðs

Framvegis hefur verið umsjónar- og hýsingaraðili fyrir starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina síðan 2015 og hefur þjónustusamning við Menntamálastofnun þar að lútandi. Almennir fulltrúafundir ráðsins á árinu 2019 voru 6 talsins. Fyrsti fundur ráðsins á árinu var haldinn 8. febrúar og sá síðasti 6. desember. Störf ráðsins snerust að mestu leyti um vinnu við gerð starfálýsinga og hæfnikrafna starfa sem heyra undir ráðið og yfirfara námsbrautalýsingar sem Menntamálastofnun fól ráðinu.

Stofuleiga

Boðið er upp á stofuleigu sem hentar vel fyrir fundi, fyrirlestra og námskeið, einnig er hægt að vera með fjarfundi. Samkaup hefur nú til nokkurra ára leigt stofur undir starfsþjálfun fyrir starfsfólkið sitt. Þá hefur Íslensk ættleiðing fengið stofur undir fundi og aðra starfsemi á þeirra vegum sem og stjórn félags náms- og starfsráðgjafa svo eitthvað sé nefnt.

Fagráð sjúkraliða

Tvisvar á ári er fagráð sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagráðinu. Fagráðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Fjölbrautarskólanum í Ármúla auk sérfræðinga frá t.d. Landlæknisembættinu og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Kvasir

Framvegis er aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningar- málaráðuneytið. Á vegum Kvasis eru haldnir árlegir vor- og haustfundir þar sem starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna ber saman bækur sínar. Kvasir stendur vörð um hagsmuni símenntunarmiðstöðvanna og námsmanna þeirra. Stöðvarnar sem eiga aðild að Kvasi eru 11 talsins. Framkvæmdastjóri Framvegis situr í stjórn Kvasis og gegnir hlutverki gjaldkera fram á næsta ár.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á landinu og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Framvegis á aðild að samtökunum. Ingibjörg Kristinsdóttir starfsmaður Framvegis var kosin í stjórn Leiknar á árinu. Meginstarfsemi samtakanna er að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annarsvegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hinsvegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.



Fjarkennsla og vendinám

Mikil áhersla hefur verið á að bjóða upp á rafrænan aðgang að þjónustu miðstöðvarinnar, svo sem kennslu, ráðgjöf og/eða raunfærnimat. Með því er verið að mæta mismunandi þörfum og veita markhópum greiðari aðgang að þjónustunni. Fjarkennsla hefur verið í boði í rúmlega áratug hjá Framvegis sem hefur mælst vel fyrir hjá námsmönnum og geta einstaklingar stundað nám hjá miðstöðinni óháð búsetu. Vendinám hefur verið notað á lengri námsleiðir framhaldsfræðslunnar sem hefur mælst vel fyrir og reynslan af þessu námsfyrirkomulagi hefur verið góð. Mikið hefur verið lagt upp úr því að nýta tæknina við kennslu og eru leiðbeinendur hvattir til þess að nýta kosti hennar.

Nýjung varð í starfsemi Framvegis á árinu þegar keyptar voru Crombook tölvur til afnota fyrir námsmenn en miðstöðin hefur ekki áður átt nemendatölvur. Breytingar í samfélaginu kalla á að námsmönnum sé boðið upp á að vinna í rafrænu umhverfi og að þeir fái þjálfun í tölvulæsi.



Kynningar- og markaðsmál

Undanfarin ár hefur Framvegis - miðstöð símenntunar gefið út námsvísa þar sem framboð á símenntun fyrir sjúkraliða er kynnt. Í ár var ákveðið að breyta til og fara í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands um birtingu á þessu efni. Námsframboð fyrir sjúkraliða var sett inn í [Sjúkraliðann](#) blað félagsins sem berst til allra félagsmanna. Þessi breyting er hluti af markvissum umhverfisvænum skrefum miðstöðvarinnar að samfélagslegri ábyrgð.

Ábyrgðin felur í sér að draga úr pappírnotkun og að kynningarefni Framvegis sé á rafrænu formi. Námsframboð sérhverrar annar er kynnt ásamt annarri þjónustu sem miðstöðin býður upp á vefsíðu miðstöðvarinnar og voru veffréttabréf send út til markhópa með vísan í vefsíðuna. Að auki notar Framvegis Facebook-síðu sína til kynningar og birtingar fréttar af starfinu. Auglýsingar voru birtar í fréttablöðum Sameykis, sameinaðs stéttarfélags SFR og St.Rv., en einnig var birt auglýsing aftan á vaktadagbók Sjúkraliðafélags Íslands eins og undanfarin ár. Þá tók Framvegis þátt í þeim viðburðum sem þykja henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslunnar hverju sinni sem og annarra markhópa miðstöðvarinnar.



Ársreikningur 2019



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur	14	<u>121.814.480</u>	<u>131.199.614</u>
		<u>121.814.480</u>	<u>131.199.614</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og kennslukostnaður	15	52.979.650	58.027.646
Laun og launatengd gjöld	16	42.234.748	41.340.995
Húsnæðiskostnaður	17	8.943.533	7.519.144
Annar rekstrarkostnaður	18	9.836.875	11.056.475
Afskriftir	10	<u>1.188.061</u>	<u>1.316.298</u>
		<u>115.182.867</u>	<u>119.260.558</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		6.631.613	11.939.056
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	<u>1.101.595</u>	<u>811.923</u>
Tekjuskattur	8	<u>0</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins		<u><u>7.733.208</u></u>	<u><u>12.750.979</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr	2019	2018
Fastafjármunir	10		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki		3.032.426	2.297.373
Hugbúnaður		1.834.338	2.292.922
		<u>4.866.764</u>	<u>4.590.295</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	6.690.391	7.579.292
Aðrar skammtímakröfur		1.680.000	7.056.046
Handbært fé	9	62.144.022	50.395.575
		<u>70.514.413</u>	<u>65.030.913</u>
Eignir samtals		<u>75.381.177</u>	<u>69.621.208</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	Skýr	2019	2018
Eigið fé	11		
Hlutfé		5.202.000	5.202.000
Lögbundinn varasjóður		1.300.500	1.300.500
Óráðstafað eigið fé		60.548.671	52.815.463
		<u>67.051.171</u>	<u>59.317.963</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	2.536.284	2.048.079
Ógreidd laun og launatengd gjöld		4.385.306	4.677.452
Fyrirfram innheimtar tekjur		1.408.416	3.577.714
		<u>8.330.006</u>	<u>10.303.245</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>75.381.177</u>	<u>69.621.208</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		7.733.208	12.750.979
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.188.061	1.316.298
Veltufé frá rekstri		<u>8.921.269</u>	<u>14.067.277</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		6.264.947	(1.705.099)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(1.973.239)	1.258.840
		<u>4.291.708</u>	<u>(446.259)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>13.212.977</u>	<u>13.621.018</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fastafjármuna	10	(1.464.530)	(1.364.775)
		<u>(1.464.530)</u>	<u>(1.364.775)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Breyting eigin fjár		0	2.815.601
		<u>0</u>	<u>2.815.601</u>
Breyting á handbæru fé		11.748.447	15.071.844
Handbært fé í byrjun tímabils		50.395.575	35.323.731
Handbært fé í árslok		<u>62.144.022</u>	<u>50.395.575</u>

